

154. fundur skólanefndar Menntaskólans á Egilsstöðum
haldinn 25. mars 2021 kl 17:00 á Teams

Mætt voru skólanefndarmennirnir Skúli Björn Gunnarsson formaður, Anna Björk Guðjónsdóttir, Halldór Warén, Sigrún Birna Björnsdóttir og Stefán Bogi Sveinsson.. Mætt voru áheyrnarfulltrúarnir: Björn Gísli Erlingsson f.h. kennara, Bergrún Arna Þorsteinsdóttir f.h. foreldra og Elísabeth Anna Gunnarsdóttir f.h. nemenda. Fundinn sátu einnig Árni Ólason skólameistari og Jóney Jónsdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar.

1. Fundargerð 153. fundar staðfest.
2. Gangurinn í starfinu.
3. Fjármál og horfur.
4. Starfsmannamál.
5. Önnur mál.

Skúli Björn formaður setti fund kl. 17:00. Gengið var til dagskrár.

1. Samþykkt fundargerðar 153. fundar.

Undirritun fundargerðar 153. fundar bíður uns fundarmenn hittast.

2. Gangurinn í starfinu.

Eins og sóttvarnareglur segja til um var skólahúsnæði lokað á miðnætti en kennsla fer fram í gegnum námsvefinn Canvas til 15. apríl. Óvíst er um austfirski ólympíuleika sem halda átti og árshátíð nemendafélagsins.

Skólastarf hefur annars gengið með ágætum út vorönn og seinni spönn fer vel af stað. Fardagar 2021 tókust vel en þáttaka nemenda mætti vera betri þrátt fyrir fjölbreytt námskeiðaframboð. Reynt verður að finna nýjar leiðir í skipulagningu þeirra til næsta árs.

3. Fjármál og horfur

23 milljóna króna halli var á rekstri skólans árið 2020. Bregðast verður við því. Dagskólanemendum hefur fækkað en fjarnemum fjölgað. Samningur um kennslu fjarnema er í endurskoðun. Markmiðið er að halda skólanum með góðu námsframboði og kennslu áfanga í dagskóla eins og verið hefur. Fjarnámið hefur

verið mjög öflugt og gert það kleift. Til þess að svo verði áfram þarf að endurskoða samning um kennslu fjarnáms og sækja auknar greiðslur frá ráðuneytinu.

4. Starfsmannamál

75% staða í eðlisfræði var auglýst auk 50% stöðu í stærðfræði. Ein umsókn frá einstaklingi sem ekki hefur kennsluréttindi barst um stærðfræðistöðu en SI var endurráðin. Umsóknarfresturinn um kennslu í eðlisfræði var framlengdur og er ekki útrunninn. Fengin hefur verið afleysing í margmiðlun fyrir næstu haustönn og ráðið hefur verið í ræstingar. Enn er skoðuð afleysing í efnafræði fyrir haustönn.

5. Önnur mál.

a) Skólameistari sagði frá kynningu frá University of Highland and Island UHI sem haldin var í ME í gær.


b) Skólameistari sagði frá kynningarmálum. Hann sýndi kynningu sem er sýndarferðalag, 360°, um skólahúsanæðið og er á forsíðu heimasíðu skólans. Einnig sagði hann frá kynningarmyndbandi sem verið er að vinna fyrir skólann. Þar eru viðtöl við nemendur og sýnt frá náminu og starfi nemendafélagsins.

c) Gögn skólanefndar munu færast yfir á Teams. ÁÓL og SBJ ýta því áfram.

d) Elísabeth Anna segir frá starfi nemendafélagsins, haldið var bingó í vikunni og Barkinn var í gærkvöldi. Árshátíð hefur verið í undirbúningi og vonir standa til að sóttvarnareglur leyfi slík hátíðahöld þegar þar að kemur.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:45.

Skúli Björn Gunnarsson




Halldór Warén



Stefán Bogi Sveinsson

Anna Björk Guðjónsdóttir



Sigrún Birna Björnsdóttir

